

Tuttugastiogfjórði fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 8. maí 2014 kl. 8.30 við Hlíðarveg.

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Sigurður Ægisson fulltrúi foreldrafélags, Sæbjörg Ágústsdóttir fyrir hönd starfsmanna, Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri stjórnaði fundi.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Nemendaráð skólans

Á fundinn komu fulltrúar nemendarás skólans: Guðmundur Árni Andrússon, Þórey Hekla Ægisdóttir, Lára Þorsteinsdóttir Roelfs, Þórey Vala Friðfinnsdóttir og Ívan Darri Jónsson.

Nemendur mættu til að ræða það sem þeim finnst máli skipta og varðar starf þeirra í nemendaráði, skólastarfið o.fl. Í máli þeirra kom m.a. fram að:

- Slæmt sé að námsráðgjafi skólans hafi hætt störfum í vetur og að ekki hafi tekist að ráða í hans stað.
- Reiðhjól fá ekki að vera í friði í hjólagrindum við skólahúsið í Ólafsfirði.
- Full þörf sé á að undirbúa nemendaráðsfundi betur.
- Betra skipulegi þurfi að koma á varðandi það hverjir stjórna í DJ búi í frímínútum.
- Ekki hafi verið næg þátttaka á furðufatadögum í skólanum. Rætt um betri undirbúning og meiri fyrirvara.
- Samnemendur sýna nemendaráðsfulltrúum og starfi nemendaráðs virðingaleysi og finnst þeim því ekki gaman að starfa í ráðinu í vetur. Telja að um afturför sé að ræða, það hafi verið þakklátara að starfa í nemendaráði.
- Góð tengsl við flesta kennara í skólanum.
- Agi og vinnufriður hafi batnað í vetur.
- Þeim finnst nemendaráði vanta samstarf við félagsmiðstöðina NEON.
- Áhyggjur varðandi hættulega iðju sumra nemenda í unglingadeild, þar sem dæmi eru um að verið sé að klifra í nýbyggingunni við Norðurgötu á kvöldin.

Í máli skólaráðsmanna kom m.a. fram að:

- Viðmót nemenda í unglingadeild einkennist almennt af kurteisi og gleði.
- Nemendur megi bæta umgengni um eigin sínar og skólans.

3. Skóladagatal 2014-2015

Skóladagatal næsta skólaárs lagt fyrir fundinn. Það var unnið í samvinnu við Dalvíkurskóla og Árskógarskóla með það fyrir augum að samræma vetrarfrí á Tröllaskaga.

4. Önnur mál

Skólastjóri þakkaði Brynju Hafsteinsdóttur fyrir vel unnin störf í skólaráði sl. fjögur ár, en hún hætti í ráðinu við lok þessa skólaárs.

Fundi slitið kl. 9.45
Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.